

## Fundargerð 527

Miðvikudaginn 18. október 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG), og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína Björk Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 15:04 og liggur eftirfarandi mál fyrir fundinum:

### 1. Tillaga að vaxtabreytingu - til afgreiðslu

Á fundi stjórnar þann 5. október var ákveðið að taka aukafund vegna umræðu um vaxtakjör stofnunarinnar og kanna möguleika til lækkunar.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumanni fyrirtækjasviðs um vaxtakjör stofnunarinnar sem HP kynnti.

Lagt er til að vaxtaálag ofan á REIBOR vexti óverðtryggðra landbúnaðarlána lækki um 1 prósentustig, verði 2,5%, og vaxtaálag óverðtryggðra landbúnaðarlána vegna kynslóðaskipa lækki um 1,3 prósentustig, verði 2,0%. Lagt er til að breytingin taki gildi 1. nóvember 2023.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og MH.

Formaður bar tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

AME upplýsti að næsti fundur yrði á Grand hótél í Reykjavík 1. nóvember. Byggðaráðstefnan yrði svo í Reykjanesbæ 2. nóvember.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 15:29

Magnús Helgason, fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson